

## Umsókn um sölutjöld á 17. júní í Reykjavík

Er verið að safna?

Byrjað er að taka við umsóknum um leigu á sölutjöldum á 17. júní. Tilvalið fyrir hópa sem stefna að því að gera eitthvað skemmtilegt og uppbyggilegt.

Hátíðarhöldin fara fram í Hljómskálagarðinum og verða öll sölutjöld staðsett þar. Takmarkaður fjöldi verður í boði svo um er að gera er vera fljótur að sækja um.

Vakin er athygli á því, að lausasala á hátíðarsvæðinu er bönnuð.

Umsóknir og fyrirspurnir skal senda á [17juni@reykjavik.is](mailto:17juni@reykjavik.is) fyrir 7. júní.

### Smá letrið

Skilyrði fyrir því að umsækjandi hafi möguleika á leigu á stæði undir sölutjald er að um sé að ræða félagasamtök er sinna æskulýðs- íþrótt- og félagsstarfi. Einstaklingar og fyrirtæk eiga því ekki rétt á úthlutun. Viðburðahaldarar getur veitt undanþágu frá viðmiðun þessumef það þykir þjóna hagsmunum hátíðarinnar.

### Tjöldin

- Sölutjöldin eru leigð af Skátasambandi Reykjavíkur (SSR)
- Sölutjöldin eru 3m x 3m
- Leiga er 30.000 kr og er innifalið í því flutningur, uppsetning, rafmagn og söluborð
- Sölutjöldin eru á ábyrgð söluleyfshafa/leigjanda á fyrrgreindu tímabili
- Skapist þær aðstæður sökum veðurs eða annarra náttúrhamfara að hætta er á að sölutjöldin skemmist af þeim sökum, áskilur leigusali sér þann rétt að taka tjöldin niður, án þess að leiguhafi geti átt kröfu á endurgreiðslu.
- Stranglega er bannað að líma á tjalddúkana og skal þrifa hvers konar óhreinindi af tjaldinu fyrir skilatíma. Leigusali áskilur sér rétt til að innheimta gjald fyrir þrif sé tjaldi skilað í óviðunandi ástandi.
- Stranglega bannað er að elda matvæli í sölutjöldum
- Áður en tjaldi er skilað skal losa allt rusl í næstu sorptunnu